

# LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

## Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna var haldinn mánudaginn 16. apríl 2007 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

Gunnar P. Pálsson, formaður stjórnar sjóðsins, setti ársfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Helga Magnússon, varaformann stjórnar sjóðsins, sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem var auglýstur í Morgunblaðinu hinn 20. janúar, 11. mars og 16. apríl og í Fréttablaðinu 11. mars og 16. apríl og lýsti hann fundinn lögmætan. Fundarstjóri lagði síðan til að Valgarður Sverrisson yrði fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

Í upphafi fundarins flutti Hildur H. Gísladóttir fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands sjóðnum ánaðaróskir og afhenti stjórn lífeyrissjóðsins blómvönd í tilefni þess að með nýrri stjórn urðu þau tímamót í sögu sjóðsins að í fyrsta skipti er jafnt kynjahlutfall í stjórninni.

### **1. Skýrsla stjórnar**

Gunnar P. Pálsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Sagði hann að árið 2006 hefði verið mjög hagfellt í rekstri sjóðsins. Nafnávöxtun var 20,6% sem samsvarar 12,7% raunávöxtun og er það annað besta rekstrarár í sögu sjóðsins. Hrein eign nam rúmum 240 milljörðum og hækkaði um tæpa 50 milljarða á árinu.

Formaður sagði að í upphafi ársins 2006 hefði réttindakerfinu verið breytt og tekin upp aldurstengd réttindaávinnsla. Til að tryggja hagsmuni núverandi sjóðfélaga við breytinguna yfir í aldurstengt kerfi geta þeir sjóðfélagar sem uppfylla tiltekin skilyrði haldið áfram að mynda réttindi í jafnri ávinnslu upp að tilteknu hámarki. Þeir sem eru ungir hafa aftur á móti hag af því að ávinna sér réttindi miðað við aldurstengda ávinnslu.

Þýðingarmikið atriði breytinganna til að milda áhrif á þá sjóðfélaga sem ef til vill færast á milli lífeyrissjóða er að sjóðurinn hefur gert samkomulag við aðra lífeyrissjóði um gagnkvæma viðurkenningu á heimild einstaklinga til þess að halda

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

áfram iðgjaldsgreiðslum til jafnrar ávinnslu. Ekki eru allir lífeyrissjóðir aðilar að samkomulaginu og því getur verið óhagstætt fyrir sjóðfélaga að skipta um lífeyrissjóð ef ekki er fyrir hendi samkomulag milli sjóðanna um gagnkvæma viðurkenningu á iðgjaldsgreiðslum.

Eignir og verðmæti framtíðariðgjalda sjóðsins námu 32,1 milljarði eða 7,9% umfram heildarskuldbindingar í árslok 2006. Í ljósi styrkrar stöðu sjóðsins var ákveðið að hækka áunnin lífeyrisréttinda sjóðfélaga og greiðslur til lífeyrisþega um 7% frá 1. janúar 2007. Þrátt fyrir hækkun réttindanna er staða sjóðsins jákvæð um 4,9% að hækkuninni afstaðinni. Á síðustu 10 árum hefur tekist að bæta lífeyrisréttindin og lífeyrisgreiðslur um 21,1% umfram almennar verðlagsbreytingar en réttindaávinnslan var fyrst hækkuð um 11,8% árið 1997.

Lífeyrissjóðurinn hefur nú notið hagstæðra skilyrða á verðbréfamörkuðum í fjögur ár samfellt en meðalraunávöxtun sjóðsins á þessu tímabili er 13,2%. Óvarlegt er að reikna með jafn hagstæðu umhverfi á fjármálamörkuðum á næstu árum. Því er það mat stjórnar sjóðsins að skynsamlegt sé að viðhalda styrkri stöðu hans gagnvart skuldbindingum eftir hækkun lífeyrisréttinda þannig að gott borð verði fyrir báru ef þróun á verðbréfamörkuðum verður óhagstæð á árinu 2007.

Þá sagði formaður að tvö ár væru liðin frá því að trúnaðarlæknir lífeyrissjóðsins tók til starfa með starfsaðstöðu á skrifstofu sjóðsins. Ljóst er að starf læknisins hefur skilað árangri með betra aðhaldi við úrskurði og endurmöt. Starfsmenn hafa fundið að þetta aukna aðhald hefur mælst vel fyrir, bæði hjá almennum sjóðfélögum, en ekki síður hjá þeim sem leita þurfa til læknisins vegna umsóknar um örorkulífeyri.

Formaður greindi síðan frá því að hluthafastefna sjóðsins hefði verið endurskoðuð á liðnu ári í framhaldi þess að sjóðurinn varð fyrstur íslenskra stofnanafjárfesta aðili að sex leiðbeinandi reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar. Reglurnar voru unnar af fulltrúum 20 stofnanafjárfesta frá 12 löndum og þar á meðal stærstu lífeyrissjóða vestan hafs og í Evrópu. Í reglunum er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og félagsleg málefni auk góðra stjórnarháttanna fyrirtækja getur stuðlað að bættum fjárfestingarárangri verðbréfasafna um leið og hagsmunir fjárfesta og

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

markmið þjóðfélagsins í víðara samhengi geta farið saman. Taldi formaður að umræða um ábyrgar fjárfestingar myndi fara vaxandi á næstu árum.

Formaður þakkaði að lokum stjórnarmönnum og forstjóra fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Jafnframt þakkaði hann fyrir hönd stjórnar lífeyrissjóðsins öllu starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf á liðnu ári.

### 2. Greinargerð forstjóra

#### a) Ársreikningur fyrir síðasta starfsár

Þorgeir Eyjólfsson forstjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2006. Í ræðu forstjóra kom m.a. fram að árið 2006 er annað besta rekstrarárið í sögu lífeyrissjóðsins. Allir eignaflokkar sýndu góða ávöxtun en þó var ávöxtun erlenda verðbréfasafnsins best á árinu sem helgast af hækkun erlendra hlutabréfamarkaða auk lækkunar íslensku krónunnar.

Forstjóri sagði það ekki hafa verið sjálfstætt markmið við rekstur sjóðsins á liðnum árum að ná bestri ávöxtun lífeyrissjóða, heldur stefnt markvisst að því að vera í hópi þeirra sjóða sem bestri ávöxtun ná á hverjum tíma. Þetta markmið hefur gengið upp á liðnum árum og sjóðurinn ávallt náð að skipa sér í hóp þeirra sjóða sem bestum árangri hafa náð við ávöxtun eigna sinna. Þannig er meðalávöxtun sjóðsins sú önnur besta af lífeyrissjóðunum síðustu fjögur árin. Á síðasta ári náði Lífeyrissjóður verzlunarmanna þeim ánægjulega árangri að vera með hæstu ávöxtun stærri lífeyrissjóða. Ýmislegt hjálpaði þar til eins og eignaskipting og aðgerðir við gjaldeyrisvarnir samfara miklum sveiflum á íslenska gjaldmiðlinum.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda námu tæpum 13 milljörðum í samanburði við 11 milljarða á árinu 2005 og hækkuðu því um 16,7% á liðnu ári. Á greiðslugrunni hækkuðu iðgjöldin um 14,7% en þar sem útistandandi iðgjöld um áramót hækkuðu á milli ára varð bókhaldslega hækkunin 16,7%.

Lífeyrisgreiðslur námu 3,5 milljörðum á liðnu ári og hækkuðu um 18% frá árinu 2005 þegar þær námu 3 milljörðum. Þar af nam ellilífeyrir 2.154 milljónum og örorkulífeyrir 936 milljónum. Lífeyrisþegar voru 7.682 um síðustu áramót og fjölgaði um 4% á síðasta ári. Þar af þáðu 4.165 ellilífeyrir og 1.908 örorkulífeyri.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Fjárfestingartekjur námu alls 40,4 milljörðum á liðnu ári samanborið við 32,6 milljarða á árinu 2005 og hækkuðu um 24% á milli ára. Hækkun fjárfestingatekna milli ára skýrist m.a. af 13 milljarða hækkun tekna af erlendum hlutabréfum.

Rekstrarkostnaður sjóðsins vegna fjárfestinga nam á síðasta ári 197 milljónum. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins nam 187 milljónum á liðnu ári. Inni í þessum tölum er launakostnaður sjóðsins með launatengdum gjöldum sem nam 229 milljónum á liðnu ári. Aðrar tekjur sjóðsins námu 65 milljónum.

Rekstrarkostnaður sjóðsins að frádregnum öðrum tekjum nam 1,00% af iðgjöldum eða 0,058% af eignum, sem er það lægsta sem þekkist meðal lífeyrissjóðanna. Hjá lífeyrissjóðnum starfa nú 27 starfsmenn. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2006 var 27,1 samanborið við 27,5 árið áður. Tekist hefur að halda starfsmannafjölda sjóðsins nánast óbreyttum síðustu 5 árin eða frá árinu 2002 en á sama tíma hefur sjóðurinn rúmlega tvöfaldast að stærð. Hraður vöxtur sjóðsins á liðnum árum mun óhjákvæmilega leiða til einhverrar fjölgunar starfsmanna á komandi misserum.

Hrein eign sjóðsins í árslok til greiðslu lífeyris nam 240,3 milljörðum og hækkaði eignin um 49 milljarða á milli ára eða um 25,9%.

Fjárfestingar eða verðbréfaeign sjóðsins auk eignarhluta sjóðsins í Húsi verslunarinnar námu 236,2 milljörðum í árslok og hækkuðu um 49 milljarða á árinu eða 26%. Innlend hlutabréfaeign nam á markaðsverði 56,4 milljörðum og erlend verðbréfaeign sjóðsins nam 82,1 milljarði. Skuldabréfasafn sjóðsins nam 97,4 milljörðum í árslok og þar af eru útistandandi lánveitingar til sjóðfélaga 28,6 milljarðar.

Á árinu 2006 námu nýjar fjárfestingar sjóðsins 59,4 milljörðum og voru 28% hærri en á árinu á undan. Sjóðfélögum voru lánaðar 5,6 milljarðar og keypt voru skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 5,1 milljarð. Önnur verðbréfakaup og lánveitingar svo sem til stofnlánasjóða auk kaupa á markaðsverðbréfum banka og fyrirtækja námu 10 milljörðum. Keypt voru innlend hlutabréf fyrir 27,9 milljarða og erlend verðbréf fyrir 10,8 milljarða.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Í árslok 2006 námu íbúðabréf og önnur skuldabréf Íbúðalánasjóðs 13% af verðbréfaeigninni, markaðsverðbréf banka, eignarleiga, sveitarfélaga og fyrirtækja voru 14% eignarinnar og sjóðfélagalán 12%. Innlend hlutabréf voru 24% og erlend verðbréf 35% af verðbréfaeigninni.

Kröfur á launagreiðendur námu um síðustu áramót 1.440 milljónum og hækkuðu um 347 milljónir á árinu. Að lang stærstum hluta er þar um að ræða ógreidd iðgjöld vegna desembermánaðar sem skilað er af launagreiðendum í janúarmánuði. Aðrar kröfur eru 1.321 milljón. Undir liðnum aðrar eignir eru bankainnistæður fyrirferðamestar en þær námu 1,6 milljörðum í árslok 2006 samanborið við 3,5 milljarða í árslok 2005.

Á árinu 2006 voru afgreidd 954 lán til einstaklinga í samanburði við 1.307 lán árið áður sem er fækkun um 27%. Heildarfjárhæð afgreiddra sjóðfélagalána var 5,6 milljarðar samanborið við 8,6 milljarða árið 2005 sem er lækkun um 35% milli ára.

Hlutabréfaviðskipti sjóðsins námu 48,9 milljörðum á liðnu ári. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í innlendum hlutabréfum fyrir 27,9 milljarða á síðasta ári. Seld voru hlutabréf fyrir 21 milljarð. Um síðustu áramót nam hlutabréfaeign sjóðsins 56,4 milljörðum eða 23,9% af verðbréfaeign samanborið við 41,9 milljarða í árslok 2005.

Raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á liðnu ári var 10,6% og nafnávöxtun 18,3% en til samanburðar hækkaði Úrvalsvísitala aðallista Kauphallarinnar um 15,8%. Lífeyrissjóðurinn er nú hluthafi í 19 hlutafélögum.

Innlenda hlutabréfaeignin hefur ávaxtast vel á liðnum árum og sýnir 20,7% árlega raunávöxtun yfir 27 ára tímabil, þ.e. frá 1980 til ársloka 2006. Ávöxtun innlendu hlutabréfaeignar sjóðsins á undanförunum árum hefur tekist afskaplega vel og er uppsöfnuð umframávöxtun hennar samanborið við Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands 90% yfir 10 ára tímabil frá 1997 til 2006.

Erlend verðbréfaeign sjóðsins um sl. áramót nam 82,1 milljarði samanborið við 56,1 milljarð í árslok 2005 og er nú 35% af verðbréfaeign.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Á liðnu ári hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 18%, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum. Ávöxtun erlendu verðbréfaeignarinnar á árinu 2006 var sérstaklega góð eða 32,8% sem samsvarar 24,1% raunávöxtun. Gerðir hafa verið framvirkir gjaldeyrissamningar til að draga úr misvægi á gjaldmiðlasamsetningu erlendrar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvog íslensku krónunnar og til að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins. Afkoma samninga var jákvæð á árinu og er færð í ársreikninginn á meðal vaxtatekna, verðbóta og gengismunar.

Ávöxtun á árinu 2006 var 20,6% sem samsvarar 12,7% raunávöxtun samanborið við 16,1% raunávöxtun á árinu 2005. Hrein ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum var 20,5% sem samsvarar 12,7% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 9,8% og síðustu 10 ára 7,8% og hefur hún aldrei verið hærri.

Sjóðurinn stendur afar vel þegar gerður er samanburður á ávöxtunarárangri sjóðsins við aðra lífeyrissjóði og við lífeyrissjóði eða lífeyrissparnaðarreikninga sem reknir eru á vegum banka eða sparisjóða. Þannig var meðalnafnávöxtun sjóðsins á ári síðustu þrjú árin yfir 2% hærri heldur en eintaklingar í viðskipum við bankanna nutu hjá þeim.

Iðgjöld til séreignardeildarinnar námu 629 milljónum á árinu 2006 samanborið við 518 milljónir árið áður. Eignir á reikningum í séreignardeild námu 5,6 milljörðum í árslok samanborið við 4,1 milljarð í árslok 2005 sem er aukning um 35%. Alls áttu um 40 þúsund einstaklingar inneignir í séreignardeild samanborið við 39 þúsund í árslok 2005. Rekstrarkostnaður séreignardeildarinnar er með því lágsta sem þekkist meðal lífeyrissjóðanna eða einungis 0,06% af eignum. Hrein nafnávöxtun inneigna á séreignarreikningum var 20,5% sem svarar til 12,7% raunávöxtunar. Séreignardeildin er ávöxtuð samhliða öðrum eignum sjóðsins.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

### b) Tryggingafræðileg athugun

Forstjóri greindi frá því að tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2006 sýndi að eignir og verðmæti framtíðariðgjalda námu 32,1 milljarði eða 7,9% umfram heildarskuldbindingar samanborið við 6,1% stöðu í árslok 2005 og batnaði heildarstaðan um 1,8% milli ára. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar námu 57,8 milljörðum eða 31,8% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Þýðingarmikill þáttur í betri stöðu sjóðsins um síðustu áramót fólst í góðum ávöxtunarárangri sjóðsins á liðnu ári.

Í þessu samhengi gat forstjóri þess að Fjármálaeftirlitið hefði vakið athygli lífeyrissjóða á að eðlilegt sé að samþykktir sjóðanna greini með tæmandi hætti frá þeim reglum sem áhrif hafa á lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Því sé æskilegt að fram komi í samþykktum ákvarðanir aðildarsamtaka sjóðsins, að fengnum tillögum stjórnar hans, um hækkun eða lækkun áunninna réttinda. Við næstu prentun samþykktja sjóðsins mun því verða greint frá fyrrgreindum breytingum réttinda í sérstökum viðauka.

### c) Fjárfestingastefna og fjárhagsáætlun 2007

Forstjóri fór yfir breytingar sem gerðar voru á fjárfestingastefnu sjóðsins í tengslum við lagabreytingar á árinu 2006 á nokkrum hlutfallstölum sem fram koma í 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í einstökum tegundum fjárfestinga.

Breytingarnar fela í sér að almennt veðsetningarhlutfall fasteigna er hækkað úr 65% í 75% af metnu markaðsverði fasteignar og eign lífeyrissjóðs í hlutabréfum fyrirtækja eða hlutabréfum og hlutdeildarskirteinum má vera allt að 60% af hreinni eign sjóðs í stað 50% áður. Í ljósi þessa voru gerðar eftirfarandi breytingar á viðmiði um eignaskiptingu í fjárfestingastefnu sjóðsins:

Veðmörkum varðandi fasteignaveðtryggð skuldabréf var breytt þannig að áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu nýju láni frá sjóðnum, mega ekki fara umfram 75% af metnu markaðsverði viðkomandi eignar sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili tilnefndur af sjóðnum framkvæmir - var áður 65%.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Jafnframt var viðmið um fjárfestingu í innlendum hlutabréfum hækkað úr 20% í 25% af eignum og hlutfall erlendra verðbréfa úr 35% í 45%.

Forstjóri gerði síðan grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2007 en ekki er gert ráð fyrir markaðssölu verðbréfa í áætluninni. Áætlað er að lánveitingar til sjóðfélaga verði 10 til 20%, kaup á skuldabréfum stofnlánasjóða og fyrirtækja nemi 0 til 5%, keypt verði skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 10 til 20% af ráðstöfunarfé, varið verði til kaupa á ýmsum markaðsskuldabréfum 10 til 20% af ráðstöfunarfé, til innlendra hlutabréfakaupa verði varið 5 til 15% af því sem verður til ráðstöfunar og 20 til 30% verði varið til kaupa á erlendum verðbréfum. Fjárhagsáætlunin er sífellt til endurskoðunar eftir aðstæðum á fjármagnsmörkuðum.

### d) Tilnefningar stjórnarmanna og varamanna þeirra

Forstjóri gerði grein fyrir tilnefningum í stjórn sjóðsins fyrir tímabilið 1.3.2007 til 28.2.2010:

Tilnefningar VR.

#### Aðalmenn:

Gunnar P. Pálsson.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Jóhanna E. Vilhelmsdóttir.

Benedikt Vilhjálmsson.

#### Varamenn:

Stefanía Magnúsdóttir.

Valur M. Valtýsson.

Sólveig Haraldsdóttir.

Þorlákur Jóhannsson.

Tilnefningar samtaka atvinnurekenda.

#### Aðalmenn:

Benedikt Kristjánsson tilnefndur af KÍ.

Margrét Kristmannsdóttir tilnefnd af Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Hrund Rudolfsdóttir tilnefnd af SA að fengnu álitu VÍ.



## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Helgi Magnússon tilnefndur af SI að fengnu álit SA.

Varamenn:

Ingvi I. Ingason tilnefndur af KÍ.

Pétur Björnsson tilnefndur af Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Brynjólfur Bjarnason tilnefndur af SA að fengnu álit VÍ.

Vilmundur Jósefsson tilnefndur af SI að fengnu álit SA.

Formaður er Gunnar P. Pálsson og varaformaður Helgi Magnússon.

### e) Ákvörðun um stjórnarlaun

Forstjóri gerði grein fyrir ákvörðun um laun stjórnar. Sagði hann að laun stjórnarmanna væru 90.000 kr. á mánuði og fengi formaður tvöföld stjórnarlaun og varaformaður ein og hálföld stjórnarlaun.

Þá sagði forstjóri að 2006 hefði verið ár mikilla breytinga þar sem nýtt réttindakerfi var tekið upp með tilsvarendi auknu álagi á skrifstofu og starfsmenn sjóðsins samfara breytingunum. Þakkaði hann þeim fyrir afar góð störf á liðnu ári og fyrir gott samstarf á liðnum árum. Þeim stjórnarmönnum sem yfirgáfu stjórn sjóðsins í lok febrúar þakkaði hann einnig mjög ánægjulegt samstarf. Að lokum þakkaði hann, fyrir hönd starfsmanna sjóðsins, þeim fjölmörgu sjóðfélögum sem leituðu til sjóðsins með málefni sín á liðnu ári fyrir ánægjuleg samskipti.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu formanns og forstjóra.

Guðmundur H. Garðarsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði stjórn, forstjóra og starfsmönnum sjóðsins fyrir frábæran rekstrarárangur á liðnu ári. Óskaði hann nýjum stjórnarmönnum til hamingju með kjör í stjórn sjóðsins. Þá færði hann þeim Víglundi Þorsteinssyni og Birgi R. Jónssyni, sem hurfu úr stjórninni, sérstakar þakkir. Víglundur var í stjórn sjóðsins í 21 ár og Birgir í 15 ár og taldi Guðmundur að störf þeirra í stjórninni hefðu verið afar farsæl fyrir sjóðinn.

Fundarstjóri þakkaði Guðmundi fyrir hlý orð.

### 3. Önnur mál

Guðmundur Ingi Kristjánsson kvaddi sér hljóðs. Gerði hann að umtalsefni að hann hefði leitað til umboðsmanns Alþingis og kvartað yfir því að Fjármálaeftirlitið hefði synjað beiðni hans um að eftirlitið hefði frekari afskipti af máli hans gegn tilteknu váttryggingafélagi. Hefði umboðsmaður nýlega sent þau tilmæli til eftirlitsins að hún taki málið til endurskoðunar. Taldi Guðmundur að hann væri ef til vill ekki eini öryrki sjóðsins sem brotið hafi verið á með þessum hætti. Kvatti hann stjórn sjóðsins til að endurskoða fjárfestingar sínar í tilteknu félagi sem væri eignaraðili í framangreindu váttryggingafélagi þar sem það hefði brotið á sjóðfélaga sjóðsins. Þá kvatti hann jafnframt lífeyrissjóðina til að beita sér fyrir því að lækka tekjutengingu í almannatryggingakerfinu.

Jóhannes Jóhannesson, lífeyrisþegi kvaddi sér hljóðs og skoraði á stjórn sjóðsins að greiða orlofs- og desemberuppbót á ellilífeyrisgreiðslur.


Víglundur Þorsteinsson fráfarandi formaður kvaddi sér hljóð í tengslum við fyrirspurn Jóhannesar og sagði m.a. að ekki væri hægt að greiða lífeyrisþegum sjóðsins eingreiðslur eða uppbætur þar sem það rúmast ekki innan þess réttindakerfis sem lífeyrissjóðurinn starfar eftir. Eingreiðslur og uppbætur væru þó innifaldar í lífeyrisgreiðslum að því marki sem greidd eru iðgjöld til sjóðsins af þeim. Þá sagði hann í tengslum við fyrirspurn Guðmundar að sjóðurinn ákvarðaði sínar fjárfestingar út frá hagsmunum heildarinnar en ekki út frá deilum sjóðfélaga við einstök félög.

Gunnar P. Pálsson svaraði Guðmundi og Jóhannesi og tók undir með Víglundi að skoða þyrfti fjárfestingar sjóðsins út frá heildarhagsmunum sjóðsins og jafnframt með hliðsjón af reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar. Taldi hann að tekjutenging almannatrygginga væri ekki umfjöllunarefni á fundinum en vakti athygli á að stéttarfélögin hefðu fjallað um málið á vettvangi ASÍ. Þá taldi hann erfitt að greiða meira úr lífeyrissjóðnum en nemur eign sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegri stöðu á hverjum tíma.

Ekki tóku fleiri til máls.


## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Stjórnarformaður þakkaði að lokum þeim stjórnarmönnum sem hurfu úr stjórninni fyrir gott samstarf á liðnu ári og að endingu þakkaði hann fundarmönnum fyrir setu þeirra á ársfundinum og sleit fundi kl. 18.10.



Helgi Magnússon

fundarstjóri



Valgarður Sverrisson

fundarritari